

Breytingartillögur og röksemdarfærslur vegna lagabreytinga

Formáli.

Með þeirri vinnu sem átt hefur sér stað að fá Pílu viðurkennda sem íþrótt af hálfu ÍSÍ telur Stjórn nauðsynlegt að betrubæta laga- og reglu umgjörð ÍPS nær því regluverki sem sérsambönd ÍSÍ starfa innan. Þetta er liður í því hlutverki að aðlagast og auðvelda samþykki ÍPS sem sérsamband innan vébanda ÍSÍ þegar að næsta Aðalþing ÍSÍ fer fram árið 2025.

Drög þessi byggjast á lögum sérsambands sem er nú þegar með aðild að ÍSÍ. Greinargerðum hefur verið breytt og orðalag lagfært að núverandi lögum ÍPS auk þess sem nýjum laga greinum hefur verið bætt við og öðrum hliðrað til.

Stærstu og umfangsmestu breytingarnar snúa að fimmtu og sjöttu grein þessara tillögu en þær segja til um hve marga fulltrúa hvert aðildarfélag má senda á Píluþing ÍPS(Aðalfund), hvernig skila skal inn og birta skal aðildarfélögum lagabreytingartillögur.

Skv nýjasta félagatali myndi fulltrúar vera 30 talsins og skiptingin eftirfarandi:

Aðildarfélag	Fjöldi meðlima	Fjöldi Fulltrúa
Píludeild Þórs	109	4
Pílukastfélag Hafnarfjarðar	104	4
Píludeild UMFG	99	3
Pílukastfélag Reykjavíkur	95	3
Pílufélag Reykjanesbæjar	66	3
Pílufélag Vopnafjarðar	38	2
Pílukastfélag Skagafjarðar	33	2
Pílukastfélag Kópavogs	37	2
Pílufélag Akranes	29	2
Pílufélag Dalvíkur	28	2
Píludeild Magna	25	1
Pílufélag Selfoss	22	1
UMF Æskan Svalbarðsströnd	10	1

Auk þess tryggir 6.grein að hver fulltrúi hafi einungis eitt atkvæði nema fulltrúi veikist eða forfallist á síðustu stundum. Það er þó skilyrðum háð sem eru nánar útskýrð í 6.grein.

Ekki verið gerður tæmandi listi yfir allar þær orðalagsbreytingar sem lagðar hafa verið fram; þær snúa margar að greinarheitum, betri uppsetningu ásamt öðrum smáatriðum. Í staðin ætla vill Stjórn leggja fram röksemdir fyrir því hvers vegna ég tel að fella þurfi brott ýmsa liði og aðrir komi í staðinn. Röksemdarfærslur miðast allar út frá nýjum drögum.

Útskýringar á helstu greinum og ástæðum breytinga

1. Grein: Hér er búið að skilgreina hvað Íslenska Pílukastsambandið sé auk þess að lýsa skjaldamerki félagsins. Nauðsynlegt er að hafa nákvæma lýsingu á merki félagsins svo hægt sé að vísa til þess að það sé eign ÍPS og sé ekki notað í annarlegum tilgang.
2. Grein: Hér er búið að sameina þriðju og fjórðu grein núverandi laga en auk þess hefur grein 3.1 verið felld burt þar sem ekki er lengur notast við stigalista né er það í umsjón Stjórnar ÍPS að velja einstaklinga í landslið Íslands í Pílukasti.
Grein 3.2 hefur verið færð undir 11.grein – 6.lið og umorða þannig að ÍPS sé skylt að halda Íslandsmeistaramót í 501 og Íslandsmeistaramót Félagsliða. Önnur mót s.s Krikket og 301 hafa verið færð til aðildarfélaga undir merkjum ÍPS með góðum árangri.
3. Grein: Var áður 2.grein en búið er að fella burt lið 2.3 en í staðinn kemur að markmiðið sé frekar að auka samkeppnishæfni Pílukastara og veita þeim tækifæri til að keppa erlendis.
4. Grein: Ný grein sem útskýrir Stjórnkerfi ÍPS á einfaldan máta og leggur grunn að stærstu breytingartillögum sem eru fimmta og sjötta grein. Fimmta grein núverandi laga hefur verið færð undir 9.grein.
5. Grein: Hér tilgangurinn að lýðræðisvæða ÍPS betur og veita aðildarfélögum betri möguleika á því að hafa áhrif með því að fá að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir fjölda greiddra meðlima hvers aðildarfélags. Þessir fulltrúar þurfa ekki að vera í stjórn aðildarfélaga og geta verið óbreyttir félagsmenn síns félags og/eða mögulegir kandídatar í stjórn ÍPS. Auk þess eru takmörk sett hvenær málefni og lagabreytinartillögum skal skilað inn til stjórnar sem taka skal upp á Píluþingi. Þessi grein svipar einnig til 7.greinar núverandi laga.
6. Grein: Hér er farið yfir hverjir mega sækja þingið og hvaða atkvæðarétt menn hafa og hvernig skal leyst úr málum forfallist fulltrúi með skömmum fyrirvara. Auk þess er verið að fyrirbyggja smölun umboðs atkvæða svo einn einstaklingur geti ekki kosið fyrir hönd 5,10 eða 20 einstaklinga í senn.
7. Grein: Útskýrir sig sjálf. Ef nauðsyn krefur eða þess er óskað má halda Auka Píluþing en ólíkt 8.grein núverandi laga má ekki gera lagbreytingar né kjósa um nýja stjórn heldur einungis bráðabirgðarstjórn sú stjórn hefur því einungis umboð fram að næsta Píluþingi þegar kjósa þarf aftur í lausar stjórnarstöður óháð ártali.
8. Grein: Ný grein sem áður var undir 7.grein núverandi laga. Bætt hefur verið inn skyldu fundarhléi eftir 7.lið. Bætt hefur verið hvernig útiloka megi sísta kostinn séu fleiri en tveir

möguleikar í boði. Auk þess þarf 2/3 atkvæða til þess að ná fram lagabreytingum, í stað einfalds meirihluta, eða taka upp mál sem berast eftir dagskrá þings var kynnt.

9. Grein: Í raun sú sama og er í núverandi lögum nema veitt er heimild til að greiða fólki laun fyrir störf ÍPS. Auk þess hefur 5.grein núverandi laga verið færð undir 9.grein.
10. Grein: Tekur á hvernig stjórn ÍPS skal starfa, atkvæðarétt, meirihluta og hvort nefndarmenn, ef einhverjir, hafi áheyrnarrétt. Auk þess er stjórn skylt að birta fundargerðir sínar eigi 10dögum seinna en fundur var haldinn. Búið er að fella brott þann möguleika að Stjórn geti vikið félagsmanni úr Sambandinu. Sú málsgrein er eitthvað sem þarf að útfæra og skoða betur í tengslum við aga mál, hugsanlega aganefnd og refsingar.
11. Grein: Svipar til núverandi 11.greinar nema búið er að bæta við þónokkrum málsgreinum til skýringar um starfsvið stjórnar og hennar lágmarksskyldur.
12. Grein: Hér eru hugmyndir að nefndum sem vert væri að starfrækja innan ÍPS en þær liggja flestar í dvala að frátaldri Barna og Unglinganefnd. Helgi Pjetur hefur séð um kynningarefni fyrir stjórn en engin formleg markaðsnefnd er til. Nauðsynlegt er að halda uppi Aganefnd en einnig þarf að útbúa skýrari reglugerð/ramma utan um hvenær og hverjum er heimilt að beita refsingum og hvernig Aganefnd skal starf. Réttast væri að allir meðlimir ÍPS gæti verið handahófsdregnir í nefndarstörf ef enginn býður sig fram.
13. Grein: Er sem stendur óvirk en það stendur til bóta að útbúa regluverk fyrir þessar nefndir sem þær myndu starfa eftir.
14. Grein: Stjórnarmeðlimum er heimilt að fylgjast með störfum og viðburðum annarra aðildarfélaga, frjáls aðgangur þýðir þó ekki gjaldfrjáls aðgangur á viðburði annarra aðildarfélaga nema mótið sé undir formerkjum ÍPS.
15. Grein: Ný grein sem skýrir sig sjálf. Ekki er útskýrt nánar hver felst í merkingu heiðursfélaga annað en titillinn sjálfur.
16. Grein: Fari allt í skrúfuna hjá ÍPS eða félagið leysist upp eða íþróttin tapi öllum iðkendum sínum er heimilt að leggja félagið niður samkvæmt þessari lagagrein.